

Samráðsfundur

Dags: 20. mars 2009, Við pollinn á Hótel Ísafirði.

Aðili: Vesturverk

Gestir: Hallvarður Aspelund, Valdimar Steinþórsson

Kontakt: Gunnar G. Magnússon (vesturverk@snerpa.is)

Frá verkefnisstjórn: Svanfríður, Guðni, Þóra Ellen, Anna. Elín, Friðrik, Þorsteinn, Tómas.

1. Þeir Hallvarður og Valdimar tveir af þremur eru eigendum Vesturverks (sá þriðji er Gunnar G. Magnússon) sem áformar að virkja Hvalá við Ófeigsfjörð á Ströndum. Þeir félagar eru meðal landeigenda á virkjunarsvæðinu og hafa samþykki annarra landeigenda um að ráðast í rannsóknir á svæðinu til undirbúnings byggingar virkjunar. Áætlað afl virkjunarinnar er 35 MW og orkuframleiðsla um 7400 kW/ár. Áætlun gerir ráð fyrir að byggingu ljúki 2013-2014. Lögð voru fram þrjú minnisblöð sem fylgja þessari fundargerð: a) Hvalárvirkjun – Minnipunktur, b) Minnisblað (mars 2009), c) Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði.
2. Orkuþörf á Vestfjörðum er um 240 GW/h og þar af framleiðir OV um 90 kW/h. Afgangurinn kemur frá byggðalínu. Um langt skeið hefur verið hugað að því að auka orkuöryggi á Vestfjörðum sem er mjög ótryggt. Kemur það illa við fyrirtæki og heimili í fjórðungnum.
3. Vesturverk hefur átt viðræður við Landsnet um lagningu línu um Ísafjarðardjúp til þéttbýlisins á norðanverða Vestfirði. Með því móti gæti Landsnet sparað sér lagningu nýrrar (eða styrkingu) byggðalínu til að auka orkuöryggi. Landsnet hefur horft til línulagningar til Mjólkárviðvirðingar og/eða suður á bóginn til að tengja virkjunina byggðalínu. Ef af fyrsta kostinum yrði hefur Landsnet áform um að nýta lagaheimild til að leggja á sérstakt tengigjald en gjaldið gæti numið um 3 milljörðum kr. Slíkur kostnaðarauki myndi að m, ti Vesturverks kippa grunninum undan hagkvæmni Hvalárvirkjunar. Þykir þeim Landsnet sýna ósanngirni en Guðni skýrði grundvallarhugsun með álagningu tengigjalds en í þessu tilviki gæti gjaldið verið á skjön við grunnhugsunina. Hvatti Guðni gesti til að senda starfandi raforkulaganefnd, er hefur það hlutverk að endurskoða raforkulög, athugasemdir sínar.
4. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi minnisblaða.